

FYRIR BUZZ (LED SKJÁI Í STRÆTÓSKÝLUM)

Stærð: 400 x 600 pixlar (Portrait)

Skráarsnið: JPG eða PNG

Myndskeið/hreyfimyndir: Ekki leyfðar

Skriftur/vefborðar: 384 x 576 pixlar portrait > skalanlegar (responsive)

Leyfilegar myndir eru JPG eða PNG, hámarksþyngd 1 MB (best að hafa eins létt og hægt er)

Spássía: 38 pixlar að ofan eða 6,4% – það er gert til þess að taka tillit til rauntímaupplýsinga frá Strætó sem eru efst á skjáunum. Bakgrunnurinn þarf alltaf að ná yfir allan flötinn (400 x 600 pixlar) því Strætóupplýsingarnar eru ekki á öllum skjáum. Sjá skýringarmyndir hér að neðan:

Röng útfærsla



Mynd með engri spássíu: Virðist í lagi en virkar ekki þegar Strætó ramminn er kominn yfir.

Röng útfærsla



Mynd með engri spássíu og virkum Strætó ramma: Hér er hluti af texta hulinn af Strætó rammanum.

Rétt útfærsla



Mynd með spássíu en engum Strætó ramma: Þessi mynd virkar vel og þolir að fá Strætó ramma þegar það á við.

Rétt útfærsla



Mynd með spássíu og virkum Strætó ramma: Hér sést að Strætó ramminn truflar ekki skilaboð auglýsanda.

FYRIR PLAKÖT

Stærð:

Venjuleg stærð: 118,5 X 175 cm (Portrait)
Stærri gerð: 125 X 182 cm (Portrait)

Upplausn: 100 dpi miðað við raunstærð og í RGB

Skráarsnið: PDF, JPG eða PNG

FYRIR HAMRABORGINA (PRENTUN)

Stærð:

Án blæðingu sýnilegur flötur: Breidd 11.75 m – Hæð 11,25 m (Portrait)
Með blæðingu: Breidd 11,90 m – hæð 11,40 m

Blæðing er aðeins að neðan og til hliðanna.

Upplausn: 40 til 50 DPI

Skráarsnið: PDF, JPG eða PNG

FYRIR POSTER LED LEIGUSKJÁI

Stærð: 256 x 768 pixlar (Portrait) á stakan skjá

Fyrir video sem nær yfir 5 skjái: 1280 x 768 pixlar

Skráarsnið: JPG, PNG og MP4

HÖNNUNARLEIÐBEININGAR

Hafið skilaboðin **stutt og skýr** – vegfarandi hefur lítinn tíma til að lesa.

Veljið **einfalt myndefni** sem vegfarandi á auðvelt með að vera kennsl á og hafið bakgrunninn einfaldan.

Notið **liti sem virka** vel saman, hafa hátt andstæðugildi.

Notið **stórt, auðlæsilegt letur**. Forðist að nota eingöngu hástafi og passið að hæfilegt bil sé á milli stafanna, þ.e. að þeir standi ekki of þétt eða að það sé of mikið bil á milli þeirra.

Látið **vörumerkið** koma **skýrt** fram.

Hafið að lokum í huga að auglýsingaefni þarf að vera **læsilegt** úr mismundandi fjarlægðum, oft miðað við **300 metra +**. Hafið þetta í huga við uppsetningu auglýsingaefnis